

88. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 14. maí 2008 í Stykkishólmi.

Mætt: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Magnús A. Sigurðsson og Róbert A. Stefánsson.

Sigurður Þórólfsson boðaði forföll.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 11:00.

Dagskrá:

Fundargerð 87. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var lesin upp og samþykkt.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar

Lögð var fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2008.

Örnefnaskráningar á Breiðafirði

Lagt var fram og rætt álit frá Erlu S. Árnadóttur, hrl., á drögum að samningi við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands um örnefnaskráningar á Breiðafirði. Þá var farið yfir tillögur Erlu að breytingum á samningsdrögum.

Afgreiðsla: Nefndarmenn voru ánægðir með vinnu Erlu og samþykktu þetta samningsform.

Lögfræðilítið og samningsdrögin verða kynnt fyrir Guðrúnu Gísladóttur, verkefnisstjóra örnefnaverkefnisins.

Rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð

Umhverfisráðherra hefur verið send rannsóknáætlunin fyrir Breiðafjörð. Rætt var um hvernig frekari kynningu á henni verði háttað og hvernig hægt væri að stuðla að því að hún komist í framkvæmd.

Afgreiðsla: Ákveðið var að ræða málið við ráðherra á fundi nefndarinnar sem haldinn verður í Flatey þann 9. júlí nk. Róbert og Magnús munu fyrir næsta fund gera drög að minnisblaði sem verður afhent ráðherra.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð

Róbert sagði frá því að á næsta fundi sé ætlunin að afhenda drög að heildartexta verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð.

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

Lögð var fram tillaga Sæferða að dagskrá ferðarinnar, sem farin verður þann 9. júlí nk.

Afgreiðsla: Nefndarmenn voru ánægðir með tillöguna.

Önnur mál

Loftmyndataka á Breiðafirði

Ásgeir Gunnar sagði frá því að hann hafi farið sem fulltrúi Breiðafjarðarnefndar á fund með Sjósmælingum Íslands og Landmælingum Íslands þann 24. apríl sl. vegna loftmyndaverkefnisins. Þar hafi verið ákveðið að afla tilboða í loftmyndagerð af svæði fyrir innan Stykkishólm. Annars vegar verði teknar litmyndir og hins vegar innrauðar loftmyndir, sem m.a. gefa ítarlegri upplýsingar um náttúrufar.

Fundi slitið kl. 13:30.

Næsti fundur var ákveðinn mánudaginn 30. júní.